

7. júní 2010

Iðnaðarráðuneytið
Stýrihópur um mótun heildstæðrar orkustefnu
b.t. Vilhjálms Þorsteinssonar, formanns
Arnarhvoli
150 Reykjavík



LANDVERND

Athugasemdir við drög að orkustefnu fyrir Ísland.

Landvernd fagnar því að ráðist skuli í þá vinnu að móta orkustefnu fyrir Ísland. Allt of lengi hefur skort ramma til að fara eftir og ákvarðanir verið teknar í orkumálum án þess að nægilegt tillit sé tekið til langtímahagsmuna. Að Ísland skuli hafa orkustefnu ætti að bæta ákvörðunartöku í þessum efnunum til skemmri og lengri tíma.

Landvernd telur jákvætt að í drögnum skuli það vera markmið orkustefnunnar að orkubúskapur skuli vera í samræmi við hinar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar. Það er einnig ánægjulegt að drögin undirstrika hversu fágæt og verðmæt náttúra landsins er og að við uppbyggingu orkuvera og orkufreks iðnaðar eigi að meta náttúrugæði hagrænt og heildstætt. Landvernd tekur undir þá kröfu að skylt verði að framkvæma hagrænt mat á náttúrugæðum við framkvæmdir. Skilgreina mætti hvað átt er við með “bestu fánlegu tækni” (bls. 23). Þá mætti fjalla betur um tilvistargildi náttúrunnar.

Varðandi eigendastefnu orkufyrirtækja í eigu ríkisins (1.2 á bls. 5) stendur að orkufyrirtækin séu “og eigi að vera” í virkri samkeppni á markaði. Samkeppni getur verið til góðs en tilefni er til að gera sérstaka úttekt á hvernig samkeppni við orkuöflun hefur reynst í þessu litla landi okkar m.t.t. til hagkvæmni og áhrifa á umhverfi.

Landvernd telur það jákvætt að orkustefnan feli í sér hvatningu til orkunýtni og orkusparnaðar en telur að ekki sé nóg að hvetja almenning og atvinnulíf til orkusparnaðar. Efla þarf umhverfismennt í skólakerfinu og fullorðinsfræðslu. Eins þarf að styðja myndarlega við lýðræðislega þátttöku almennings í verkefnum sem efla sjálfbæra þróun.

Það er jákvætt að drögin taka tillit til skuldbindinga Íslendinga í loftslagsmálum og leggja til fjölmargar leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ein leiðin gæti verið að leggja tekjuhlutlausan kolefnisskatt á fiskiskipaflotann, þ.e. innheimta gjald pr. tonn olíu en greiða til baka eftir skynsamlegri aðferð eins og t.d. miðað við tonn úr sjó. Landvernd leggur til að sett verði metnaðarfull markmið um að meirihluti af öllu eldsneyti vegna samgangna á sjó og á landi verði orðið vistvænt árið 2020.

Tekið er undir það sjónarmið í drögnum að nýting vatnsafls og jarðhitasvæða eigi að vera sjálfbær. Í kafla um sjálfbæra nýtingu jarðhita (12.2 bls. 47) er vísað til þess að sjálfbær vinnsla sé skilgreind sem 100-300 ár. Það er ekki langur tími í samhengi hlutanna. Landvernd setur einnig spurningamerki við að miða skuli við matslykil HSAF við mat á sjálfbærni vatnsaflsvirkjana. HSAF hefur lagt mikla vinnu í verkefnið og Landvernd hefur fylgst með þeirri vinnu. HSAF hafa þó verið gagnrýnd í Bandaríkjunum fyrir lítið samráð við frjáls félagasamtök og almenning við samningu lykilsins.

Ein leið til að draga úr umhverfisáhrifum vatnsaflsvirkjana væri að banna að vatn sé flutt á milli vatnasviða. Einnig þarf að hanna nýjar virkjanir í ljósi loftslagsbreytinga og örari bráðnunar jökla og að nýting fyrirbyggjandi mannvirkja sé endurskoðuð í ljósi aukinnar bráðnunar.

Ítrekað skal að stefnan knýi á um sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða (12.2). Það er ekki ásættanlegt að orkunýting við framleiðslu rafmagns sé aðeins á bilinu 3-13% og að orkufyrirtækin nýti meiri orku af svæðunum en Orkustofnun mælir með. Leita verður allra leiða til að koma í veg fyrir sóun. Virkjanaleyfi ættu að vera háð því að afgangsorkan verði nýtt eins og t.a.m. í hitaveitu, ræktun eða metanólframleiðslu. Það verður einnig að gæta þess að jarðvarmamannvirki falli betur að umhverfi með betri hönnun stöðvarhúsa og með því að leggja leiðslur í jörð.

Kaflar 8.3 og 8.4 Bætt nýting vatnsafls og jarðvarma.

Hér er eðlilegt að arðgreiðslur miðist við orkunotkun orkuveranna en ekki orkusölu þeirra. Þessi aðferð er mesti hvatinn til bættrar orkunýtingar. Í vatnsaflsvirkjunum er þá miðað við fall sinnum rennsli og í varmavirkjunum er miðað við þann varma sem tekinn er upp úr jörðinni að frádrögnum þem varma sem skilað er niður aftur. Æskilegt er að sett verði refsigjöld á jarðhitavinnsluna þannig að vinnslufyrirtæki sem ofnýtir jarðhitasvæði og verði að draga úr vinnslu af þeim sökum verði áfram látin greiða orkugjöld miðað við hámarksvinnslu varma. Slíkar reglur fæla virkjunaraðila frá ofnýtingu.

Umfjöllun um línulagnir frá vatnsafls- og jarðhitavirkjunum virðist vanta en flutningssmannvirki geta verið lýti í landslagi. Ekki á endilega að velja ódýrasta kostinn við línulagnir (beinustu leið) heldur taka ríkt tillit til náttúru og umhverfis.

Landvernd telur að varlega eigi að fara í þróun og framleiðslu lífoldsneytis. Ræktun framandi jurtategunda til eldsneytisframleiðslu geta haft neikvæð áhrif ef þær dreifast út í náttúru Íslands. Einnig þarf að gæta að landnotkun vegna framleiðslu og ræktunar og gæta þess að hún rýri ekki náttúruleg svæði eins og votlendi.

Bent er á að hlutfall áls af útflutningstekjum (bls. 32) er á vissan hátt villandi því innflutningur á hráefni í formi súrális nemur yfir 60% af útflutningstekjunum. Varðandi sjávarafurðir kemur kostnaður við innflutt jarðefnaeldsneyti á móti útflutningstekjunum. Það er virðisaukinn sem skiptir máli.

Það þarf að auka verulega við kaflann um fræðslu (13.1 bls. 49). Menntun og fræðsla er lykillinn að bættri orkunotkun Íslendinga og skynsamlegri nýtingu auðlinda. Einnig þyrfti að auka umfjöllun um sjávarfallaorku (14.1.2) og vindorku (14.1.3) og setja fram stefnu í þeim málum.

Að setja orkustefnu fyrir Ísland er tímabært skref í þá átt að setja ramma um orkunýtingu og orkunotkun Íslendinga eins og áður sagði. Orkustefna á að vera stjórnvöldum, framkvæmdaaðilum og almenningi hvatning til að byggja upp sjálfbært og grænt Ísland. Það er hins vegar lykilatriði að skýrt sé hvernig stefnunni verður hrint í framkvæmd – af hvaða stjórnvöldum og með hvaða aðgerðaáætlun eða öðrum stjórnstækjum.

Ábendingar Landverndar eru settar fram með þeim fyrirvara að afar stuttur frestur, eða rétt um vika, var gefin til að gera athugasemdir. Landvernd hvetur til að lengri frestur verði gefinn þegar lokaútgáfa orkustefnunar verður lögð fram til umsagnar.

f.h. Landverndar

Lárus Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri